



## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## BLESSUN

### EFTIRSPIL

*Ísland er land þitt*

*Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*

*Organisti: Þórður Sigurðarson*

*Söngur: Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason,*

*Guðlaugur Atlason og Halldór Hallgrímsson*

*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

**Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug**



# *Sigurður Jónatan Jóhannsson*

*Fæddur 29. september 1938*

*Dáinn 16. maí 2021*



*Útför frá Akraneskirkju  
þriðjudaginn 25. maí*



Tónlist fyrir athöfn

Förspil  
EINSÖNGUR

Rósín

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

BÆN

Almennur söngur

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartaþeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

O. Ahnfelt - Sigurbjörn Einarsson

RITNINGARORÐ

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson



RITNINGARORÐ

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.  
Á sjónum allar báruur smáar rísa  
og flykkjast heim að fögru landi ísa,  
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó, heilsíð öllum heima rómi blíðum  
um hæð og sund í drottins ást og friði.  
Kyssið þið, báruur, bát á fiskimiði.  
Blásið þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer  
með fjaðrabliki háa vegaleyisu  
í sumardal að kveða kvæðin þín!  
Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber  
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu.  
Þröstur minn góður! Það er stúlkan mín.

Jónas Hallgrímsson - Ingi T. Lárusson

GUÐSPJALL

Ég leit eina lilju í holti,  
hún lifði hjá steinum á mel,  
svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,  
en blettinn sinn prýddi hún vel.  
Ég veit það er úti um engin  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann,  
en liljan í holtinu' er mín.  
:/:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/:  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja' er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni,  
á völlum og engjum hvert blóm,  
og haustvindar blási um heiðar,  
með hörðum og deyðandi róm.  
Og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja,  
og líf hennar veitir mér fró.  
:/:Þessi lilja' er mín lifandi trú:/:  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja' er mín lifandi trú.

Erlent lag - Þorsteinn Valdimarsson



MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

BÆN / FAÐIR VOR

Ég er á langferð um lífsins haf  
og löngum breytinga kenni.  
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,  
ég glaður fer eftir henni.  
Mig ber að dýrlegum, ljósum löndum,  
þar lífsins tré gróa' á fögrum ströndum,  
við sumaryl og sólardýrð.

Og stundum sigli ég blíðan byr  
og bræðra samfylgd þá hlýt ég,  
og kjölfar hinna er fóru fyrir  
án fyrirhafnar þá nýt ég.  
Í sólarljósi er særinn fríður,  
og sérhver dagurinn óðar líður,  
er siglt er fyrir fullum byr.

Lát akker falla! Ég er í höfn.

Ég er með frelsara mínum.

Far vel, þú æðandi dimma dröfn,

vor Drottinn bregst eigi sínum.

Á meðan akker í ægi falla

ég alla vinina heyri kalla,

sem fyrri urðu hingað heim.

Valdimar V. Sveinsson

